



Leiðbeiningar um rafræna þáttöku á hluthafafundi

I. Skráning á fund og aðgangsupplýsingar

Til að nálgast aðgangsupplýsingar eru hluthafar eða umboðsmenn hluthafa, sem hafa hug á því að sækja hluthafafund Íslandsbanka, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, beðnir um að skrá sig á vefsíðunni <https://www.lumiconnect.com/events/islandsbankiegm2025> eigi síðar en kl. 16.00 þann 29. júní 2025, eða degi fyrir fundardag. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

Við skráningu verða hluthafar að veita nauðsynlegar upplýsingar og hlaða upp mynd af **gildu skilríki** og **gildu umboði**, ef við á. Hluthafar skulu gæta að því að veita rétt **netfang** og **símanúmer** með viðeigandi **landsnúmeri, sem byrjar á +**, við skráningu til að geta mótttekið aðgangsupplýsingar. Á vefsíðu bankans, www.islandsbanki.is/hluthafafundir, má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér.

Hluthafar munu síðan fá staðfestingu í tölvupósti til að staðfesta að umsókn um skráningu á hluthafafund hafi verið móttokin og að umsóknin biði staðfestingar. Haft verður samband við hluthafa ef einhver vandkvæði koma upp varðandi þær upplýsingar sem gefnar voru upp við skráningu. Á fundardegi munu hluthafar fá sendan tölvupóst með staðfestingu á skráningu á það netfang sem var gefið upp við skráningu, með þeirra persónulega notendanafni og hlekk á rafræna hluthafafundinn. Hluthafar munu fá lykilorð sent með smáskilaboði í það símanúmer sem gefið var upp við skráningu.

Aðgangsauðkenni fyrir hluthafa vegna aðgangs að hluthafafundi Íslandsbanka og til að greiða atkvæði í gegnum Lumi EGM eru á ábyrgð móttakanda eftir að hann hefur mótttekið þau. Móttakandi skal varðveita auðkennið tryggilega og gæta þess að aðrir hafi ekki aðgang að auðkenninu. Móttakandi ber á ábyrgð á því að notast við örugga nettengingu þegar hann tekur þátt í fundinum og getur Íslandsbanki ekki borið á ábyrgð á því ef lélegt netsamband truflar þáttöku hluthafa í fundinum.

II. Rafræn atkvæðagreiðsla á hluthafafundi með Lumi EGM

Til að taka þátt á fundinum skal hluthafi smella á hlekkinn á fundinn sem barst með tölvupósti og fylla út viðeigandi reiti með sínu notendanafni (e. *Username*) og lykilorði (e. *password*) sem barst í smáskilaboði.

Hægt verður að greiða atkvæði í tölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma og gæta skal að því að nýjasta útgáfa af vafra sé uppsett (Chrome, Safari, Edge eða Firefox).

Í Lumi EGM veflausninni munu hluthafar geta fylgst með hluthafafundinum, kosið um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og spurt spurninga. Atkvæðagreiðsla mun alfarið fara fram rafrænt í gegnum Lumi EGM veflausnina án tillits til þess hvort hluthafar mæta á fundarstað eða taka þátt rafrænt.

Á fundinum geta hluthafar greitt atkvæði um tillögur með því að velja annað hvort **MED** (e. FOR), **Á MÓTI** (e. AGAINST) eða **SIT HJÁ** (e. ABSTAIN).

Listi með öllum tillögum fundarins og kosningavalmöguleikum má finna með því að smella á  .

Fundarstjóri hluthafafundarins mun tilkynna þegar atkvæðagreiðsla um tillögur opnar og lokar. Þegar tillaga er opin fyrir atkvæðagreiðslu munu birtast valmöguleikar. Til þess að greiða atkvæði skal ýta á þann hnapp sem hluthafi óskar sér og verður valið merkt með lit. Hægt er að breyta um valmöguleika á meðan atkvæðagreiðsla er opin en eftir að



fundarstjóri hefur lokað þeim lið atkvæðagreiðslunnar verður ekki lengur hægt að breyta um val. Fundarstjóri getur tilkynnt að fleiri en einn liður opni og loki hverju sinni.

Ef stjórnarkjör fer fram á hluthafafundi skal hluthafi velja nöfn þeirra frambjóðenda til stjórnar bankans sem hann vill greiða atkvæði sitt. Ef nöfn frambjóðenda til stjórnar bankans eru jafnmögorg fjölda þeirra stjórnarmanna sem kjósa skal, er sjálfkjörið í stjórn bankans og fer atkvæðagreiðsla þá ekki fram.

Íslandsbanki hf. áskilur sér allan rétt til að óska staðfestingar á öllum atkvæðum sem greidd eru með rafrænum hætti, þar á meðal en ekki takmarkað við, að óska staðfestingar frá viðkomandi hluthafa, með þeim hætti sem bankinn telur viðunandi á hverjum tíma. Vakni efasemdir um lögmæti atkvæðis sem greitt hefur verið með rafrænum hætti er heimilt að setja það til hliðar þar til fullvissa er fengin um lögmæti þess. Fáist ekki fullvissa um lögmæti atkvæðis skal fundarstjóra heimilt að úrskurða það ógilt.